

Tillaga að breytingu á samþykktum Lífeyrissjóðs Rangæinga, lögð fram á stjórnarfundum 197. dags. 24 mars 2020.

Samþykkt af stjórn að leggja til þessa breytingu á komandi ársfundi sjóðsins. Lagt fram til kynningar og umræðu á fundi fulltrúaráðs sjóðsins dags. 22. apríl 2020. Tillagan staðfest þar af fulltrúaráði.

Breyting á grein 11.5.

Núverandi

11.5. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal þó ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn **og þá án sérstakrar umsóknar**. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.

Verði:

11.5. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn. **Hafi sjóðfélagi þó ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar þessum viðmiðunardri er náð skal litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku lífeyris**. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.